



5. mars 2021
Tilvísun: 2009179

Dreifibréf nr: 14/2021

Til fjármálafyrirtækja, verðbréfamiðstöðva og kauphalla

Efni: Drög að reglum um verðbréfauppgjör og verðbréfamiðstöðvar.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hefur gefið út umræðuskjal nr. 2/2021 sem inniheldur drög að reglum um verðbréfauppgjör og verðbréfamiðstöðvar. Um er að ræða reglur sem innleiða eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB):

Framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/389 frá 11. nóvember 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar kennistærðir fyrir útreikning á fjársektum vegna uppgjörsbrests og starfsemi verðbréfamiðstöðva í gístiaðildarríkjum.

Framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/390 frá 11. nóvember 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tiltekna varfærniskröfur fyrir verðbréfamiðstöðvar og tilnefndar lánastofnanir sem bjóða viðbótarbankaþjónustu.

Framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/391 frá 11. nóvember 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 um tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina frekar efni tilkynninga um innra uppgjör.

Framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/392 frá 11. nóvember 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um starfsleyfi, eftirlitskröfur og rekstrarlegar kröfur fyrir verðbréfamiðstöðvar.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/393 frá 11. nóvember 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát og verklag fyrir tilkynningar og sendingu upplýsinga um innra uppgjör í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014.



Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/394 frá 11. nóvember 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur vegna starfsleyfisveitingar, úttektar og mats á verðbréfamiðstöðvum, vegna samstarfs milli yfirvalda í heimaaðildarríki og gístaðildarríki, vegna samráðs yfirvalda sem taka þátt í að veita starfsleyfi fyrir viðbótarbankaþjónustu, vegna aðgangs í tengslum við verðbréfamiðstöðvar og að því er varðar snið skráanna sem verðbréfamiðstöðvar skulu geyma í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014.

Reglugerðirnar eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, <https://www.efta.int/sites/default/files/images/su-nr-62-is-24-09-2020.pdf>


Reglurnar verða settar með stoð í 32. gr. laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, nr. 7/2020.


Með lögum nr. 7/2020 var innleidd reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (hér eftir CSDR).

Með dreifibréfi þessu gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölín eru birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 12. mars nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar í umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,


Páll Friðriksson
framkvæmdastjóri
markaðir og viðskiptahættir


Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri
skrifstofa bankastjóra